

Umhverfiráðsfundur 01.09.2016

Umhverfiráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Sara Björnsdóttir, þroskaþjálfari (Álfasteinn), Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Día Björk Birgisdóttir, leiðbeinandi (Brikiból) og Fríða Ragnarsdóttir, grunnskólakennari (Lundur).

Fjarverandi: Sara, Anna Guðjóns

Fundur hófst kl 8:30



Dagskrá fundar:

1) Fundagerð síðasta fundar lesin.

Agnes var sérstaklega boðin velkomin í hópinn, hún kom inn eftir að Sigga A. lauk störfum fyrir Klettaborg.

2) Farið yfir hlutverk umhverfiráðs, umhverfissáttmála og umhverfisstefnu leikskólans og fundartíma sitjandi ráðs.

Hlutverk:

- Að hvetja starfsmenn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- Að sjá um eftirlit inná deildum
- Að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- Að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár

Umhverfissáttmáli leikskólans:

Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.

3) Umhverfiráð skiptir með sér verkum.

Anna Borg heldur áfram að setja saman dagskrá og boða til fundar. Minnir samt fundarmenn á að fundirnir eru komnir á Skóladagatalið út skólaárið.

Sara verður fundaritari.

Umhverfiráðherrar deilda skiptast á að bera ábyrgð á að endurvinnslukompan sé tæmd reglulega og að fylgjast með því að það sé rétt flokkað. Best að Álfasteinn og Tröllgil sjái um þessa vinnu enda nálægðin mest og best fyrir krakkana þar að hjálpa til.

Fundardagar verða fimmtudagar kl. 8:30-9:00, muna að koma með dagbókina og klára skilaboðafundinn.

4) Moltutunnur.

Moltutunna 1: **Mjög blaut, þarf að fá laufblöð einu sinni í viku og hræra.**

Moltutunna 2: **Tilbúin til tæmingar**

Moltutunna 3: **Í notkun**

Moltutunna 4: **Tilbúin til tæmingar**

Moltutunna 5: **Tilbúin til tæmingar**

Moltutunna 6: **Að verða full**

Moltutunna 7: **Tilbúin til tæmingar**

Moltutunna Lundur: **Tæmd í ágúst, komin aftur af stað**

Moltukassar inni: **Eru að fara í gang**

Muna að hræra í öllum moltutunnum, sú deild sem á fernurnar hrærir líka í tunnum.

5) Fylgjast vel með og leiðbeina nýju starfsfólki. Átaksvika í lífræna sorpinu.

Tunnur verða tæmdar fyrir næsta umhverfisráðsfund, finna besta daginn, helst í þurru veðri.

6) Hverjir yfirfara tunnur fyrir næsta fund?

Anna Borg og Sara.

7) Næsti fundur verður 6. október.

8) Önnur mál

Fríða sagði frá vaxyfirbreiðslu fyrir matvæli. Ætlar að kanna þetta betur fyrir næsta fund.

Rætt um að nota sem minnst af plastpokum. Vera duglegar að tala um þetta við foreldra. Einnig ræddum við um matarsóun. Verum meðvitaðar um að skammta minna en meira fyrir börnin. Látum fara sem minnst í Svanga Manga. Þetta þarf að ítreka við samstarfsfélaga.

Fundi lokið: 9:00

Ritari fundarins:

Fríða Ragnarsdóttir